

Ársskýrsla 2023



Fimleikasamband
Íslands


Efnisyfirlit

- 1 *Formáli*
- 2 *Stjórn*
- 3 *Skrifstofa FSÍ*
- 4 *Icelandair*
- 5 *Ólympíuhópur ÍSÍ og Hlín og Bjössi valin til þess að dæma á ÓL*
- 6 *Fimleikafólk hlýtur styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta. og Thelma á top 10 lista íþróttافرéttamanna*
- 7 *Íþróttaping ÍSÍ*
- 8 *Norður Evrópumót í áhaldafimleikum*
- 9 *Ný afreksstefna sett á laggirnar*
- 10 *Undirskrift samninga*
- 11 *Fræðsludagur, þjálfara- og dómara námskeið*
- 12 *Sérfræðingar með námskeið á árinu*
- 14 *Special ÓL 2023*
- 15 *Fimleikahringurinn 2023*
- 16 *Innlend mót*
- 22 *Erlend verkefni*
- 24 *Norðurlandamót í hóp fimleikum*
- 26 *Útdráttur úr skýrslu landsliðsþjálfara*
- 29 *Uppskeruhátíð*
- 38 *Nefndir FSÍ*
- 45 *Ársreikningur samstæðu 2023*





Leiða




Við erum



Afreka






Vaxa



öll FSÍ



Marka

Efla





Sigurbjörg Fjöl意思dóttir ***Formaður Fimleikasambands Íslands***

Kæru félagar

Eins og síðastliðin ár er Fimleikasamband Íslands þriðja stærsta sérsamband á Íslandi með rúmlega 15.000 iðkendur og hefur haldið áfram að vaxa gríðarlega síðastliðin ár. Öflugt starf var unnið á árinu 2023 og langar mig að nefna nokkur þeirra verkefna sérstaklega. Á síðasta Fimleikapingi, sem haldið var að Reykjum í Hrútafirði, samþykkti þingið að setja Paralympics, fimleika fyrir fatlað fólk, inn í afreksstefnu sambandsins. Þetta er stórt skref sem við sem sérsamband höfum stigið en með því að ávarpa fimleika fyrir fatlað fólk í okkar afreksstefnu erum við að draga fram mikilvægi þess að fimleikar geti verið fyrir alla og við munum setja þarfir fatlaðra einstaklinga í forgrunn í okkar starfi.

Í nóvember hélt Ísland Norðurlandamót í hópífmleikum og var viðburðurinn haldinn í Laugardalshöll. Viðburðurinn var mjög vel sóttur en alls tóku 25 lið frá norðurlöndunum þátt og átti Ísland þrjú lið á mótinu. Mikið utanumhald felst í því að halda mót af þessari stærðargráðu og lagði starfsfólk FSÍ og sjálfboðaliðar á sig gríðarlega vinnu til að allt færi sem best fram. Það seldist upp á viðburðinn og hefðum við hæglega getað selt mun fleiri miða. Við bíðum því spennt eftir að sjá Þjóðarhöllina verða að veruleika innan fárra ára.

Fimleikafólk ársins var valið í lok árs og hlutu titilinn þetta árið Valgarð Reinhardsson og Thelma Aðalsteinsdóttir. Þau eru vel að titlinum komin en þau lögðu á sig mikla vinnu á árinu við að reyna að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í París 2024. Þau kepptu bæði meðal annars á Norður-Evrópumóti í nóvember þar sem Valgarð náði sínum besta árangri hingað til á tvíslá og uppskar silfur að launum. Thelma sýndi ótrúlega færni á tvíslá þar sem hún náði sér í gull og er því Norður-Evrópumeistari á tvíslá árið 2023.

Á íþróttapingi ÍSÍ í maí var Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Gerplu, kosin inn í framkvæmdastjórn ÍSÍ og situr nú sem 2. varaforseti ÍSÍ. Það er mikill akkur fyrir íþróttir á Íslandi að fá að njóta hæfileika Olgu innan raða ÍSÍ og við getum verið stolt af því að hafa fulltrúa frá fimleikahreyfingunni inni í stjórninni.

Að lokum langar mig að nefna að á árinu stigum við það skref að gera samninga við landsliðsfólk sem fer í verkefni á okkar vegum. Samningarnir innihalda meðal annars síða- og ferðareglur og er mikilvægt skref í átt að aukinni fagmennsku og betra utanumhaldi um okkar landsliðshópa.

Takk fyrir að hafa verið með okkur í þessum skrefum.

Áfram íslenskir fimleikar!

Sigurbjörg Fjöl意思dóttir, formaður Fimleikasambands Íslands

2023-2024

Sigurbjörg Fjöl意思dóttir

Formaður

Magnús Heimir Jónasson

Varaformaður

Axel Þór Eysteinnsson

Meðstjórnandi

Þór Ólafsson

Gjaldkeri

Marta Sigurjónsdóttir

Meðstjórnandi

Dýri Kristjánsson

Meðstjórnandi

Halldóra Guðvarðardóttir

Ritari

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Varamaður

Trausti Þór Friðriksson

Varamaður



Sólveig Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri



Edda Dögg Ingibergsdóttir
Rekstrar- og mannauðsstjóri



Eva Hrund Gunnarsdóttir
Fjármálastjóri/
fæðingarorlof



Helga Svana Ólafsdóttir
Fræðslustjóri



Ragnar Magnús Þorsteinsson
Tímabundinn
fjármálastjóri



Róbert Kristmannsson
Landsliðspjálfi



Þórey Kristinsdóttir
Afreksstjóri áhaldafimleika



Íris Mist Magnúsdóttir
Afreksstjóri hópímleika

ICELANDAIR 



*Fimleikasamband Íslands þakkar
Icelandair fyrir stuðninginn á árinu 2023!*

Ólympíuhópur ÍSÍ

Á árinu 2023 setti Vésteinn Hafsteinsson, nýr afreksstjóri ÍSÍ sér það markmið að stofna til Ólympíuhóps ÍSÍ, hópurinn var stofnaður um mitt ár og tók svo breytingaum undir lok ársins. Markmið hópsins er fyrst og fremst að íþróttafólkið fái félagsskap hvort frá öðru og styðji við hvort annað í aðdraganda Ólympíuleikanna 2024. Hópurinn samanstendur af íþróttafólki úr sjö íþróttagreinum, sem öll eiga það sameignlegt að eiga möguleika á Ólympíusæti eða hafa nú þegar tryggt sér sæti.

Fimleikasambandið á tvo frábæra einstaklinga í hópnum en það eru Valgarð Reinhardsson og Thelma Aðalsteinsdóttir. Með þeim í hópnum eru þau Anton Sveinn McKee, sund, Eygló Fanndal Sturludóttir, lyftingar, Guðlaug Edda Hannesdóttir, þríþraut, Guðni Valur Guðnason, kringlukast, Hákon Þór Svavarsson, haglabyssuskotfimi, Hilmar Örn Jónsson, sleggjukast og Snæfríður Sól Jórunnardóttir, sund.

Hlín og Björni valin til þess að dæma á ÓL

Tveir af reyndustu alþjóðlegu dómurum Íslands í áhaldafimleikum, þau Björn Magnús Tómasson og Hlín Bjarnadóttir voru valin af Alþjóðafimleikasambandinu (FIG) til þess að dæma Ólympíuleikana í París 2024.

Aðeins handfylli dómara fá þann heiður að vera valin til dómgæslu á Ólympíuleikunum, Hlín og Björn hafa unnið hörðum höndum frá ÓL 2020 að sýna sig og sanna í dómgæslunni og hafa þau uppskorið dómarasæti á ÓL 2024.

Fimmtu Ólympíuleikarnir

Ólympíuleikarnir í París verða þeir fimmtu sem Björn Magnús dæmir, Björn er meðal einstaka dómara í heiminum sem hafa fengið þann heiður að dæma svona marga leika. Björn dæmdi leikana árið 2000 í Sydney, 2004 í Aþenu, 2012 í London, 2020 í Tokýó og verða París eins og fyrr segir hans fimmtu leikar. Árið 2022 var Björn sæmdur tveimur viðurkenningu fyrir óeigingjörn störf í þágu íþróttarinnar af Alþjóðafimleikasambandinu og Evrópska Fimleikasambandinu. Björn Magnús hefur í áratugi verið sá dómari sem unnið hefur mikla sigra með framgöngu sinni bæði héraðs sem og erlendis á alþjóðlega sviðinu.

Hann hefur staðið sig með svo mikilli þryggni í sínum störfum sem dómari á Evrópu- og heimsmeistaramótum að bæði FIG og Evrópska fimleikasambandið hafa valið hann sérstaklega til þátttöku á Ólympíu- og Evrópuleikum.

Dæmir sína aðra Ólympíuleika í röð

Hlín átti glæstan feril sem afrekskona í íþróttinni og var ein besta fimleikakona landsins um árabil. Eftir að ferlinum lauk, hefur hún verið drifkraftur í faglegu starfi Fimleikasambandsins, sama hvar fæti er dregið niður, hefur Hlín komið að þróun og stefnumótun og haft metnað til að gera enn betur. Hlín er einn færasti alþjóðlegi dómari Íslands í greininni. Hlín var valin ásamt Birni til þess að dæma Ólympíuleikana í Tokýó 2020 og eru Parísarleikarnir því þeir aðrir í röð sem hún er valin til þess að dæma. Hlín er reynslubolti þegar kemur að dómgæslu en hefur hún dæmt á Evrópu-, Heimsmeistara-, Heimsbikar- og öðrum alþjóðlegum mótum, sem og verið valin til þess að dæma Evrópuleika.

Fimleikafólk hlýtur styrk úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta.

Þau Guðrún Edda Min Harðardóttir og Sigurður Ari Stefánsson voru tveir þeirra 34 nemenda sem hlutu styrk árið 2023.

Styrkurinn er veittur framúrskarandi námsmönnum en áhersla er lögð á að styðja nýnema sem náð hafa framúrskarandi árangri til stúdentsprófs og jafnframt látið til sín taka á öðrum sviðum, svo sem í félagsstörfum í framhaldsskóla eða listum og íþróttum.

Þau Guðrún Edda, sem æfir áhaldafimleika með Fimleikafélaginu Björk og Sigurður Ari, sem æfir einnig áhaldafimleika, með Íþróttafélaginu Gerplu fengu úthlutaðan styrk að upphæð 375 þúsund krónum við hátíðlega athöfn í Hátíðarsal Háskóla Íslands.

Bæði hafa þau verið fastamenn í landsliðum og úrvalshópum sambandsins síðastliðin ár.

Fimleikasambandið óskar þeim Guðrúnu Eddu og Sigurði Ara innilega til hamingju með styrkinn og frábæran árangur.



Thelma á top 10 lista íþróttufréttamanna

Árangur Thelmu á árinu hefur verið stór glæsilegur þar sem hæst ber að nefna Norður Evrópumóts titil á tvislá. Thelma er Íslandsmeistari og bikarmeistari með liði sínu Gerplu. Thelma tryggði sér þátttökurétt á HM með frábæru gengi á EM í vor. Á heimsmeistaramótinu náði hún markmiðum sínum og endaði hún með 49.099 stig, sem er hennar besti fjölþrautrarárangur á alþjóðlegu móti til þessa. Thelma var aðeins 0.866 frá því að tryggja sér sæti á Ólympíuleikana.

Með því að ná inn á topp 10 listann, skipar Thelma sér í sess fremstu fimleikamanna í sögu Íslands, eins og Sif Pálsdóttur, Írisi Mist Magnúsdóttur, Rúnari Alexanderssyni og Valgarð Reinhardssyni.



Íþróttapíng ÍSÍ var haldið hátíðlegt í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum Hafnarfirði 4.–5. maí.

Níu einstaklingar buðu sig fram í sjö sæti meðstjórnenda í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Gerplu, var ein af þeim sjö sem hlutu kosningu til næstu fjögurra ára, með henni hlutu þau Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Ragnheiður Ríkhardsdóttir einnig kjörgengi.

Olga, sem hefur setið í stjórn ÍSÍ undanfarin fjögur ár, sóttist eftir endurkjöri og gerði sér lítið fyrir og hlaut flest atkvæði allra í kjörinu sem er mikill stuðningur við hennar störf í stjórn ÍSÍ. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar tók hún við sem 2. varaforseti, en Þórey Edda Elísdóttir, landsliðskona í fimleikum til margra ára er 1. varaforseti.

Anna R. Möller og Elsa Jónsdóttir heiðursfélagar ÍSÍ

Þær Anna R. Möller og Elsa Jónsdóttir voru gerðar að heiðursfélögum ÍSÍ á Íþróttapíngi 2023. Þær hafa báðar skilað framúrskarandi starfi í þágu íþróttar á Íslandi, og hafa báðar hlotið æðstu heiðursviðurkenningu ÍSÍ, heiðurskrossinn.

Báðar hafa þær verið ötulir sjálfboðaliðar í þágu fimleikahreyfingarinnar í sínum störfum. Anna var formaður fimleikadeildar Stjórnunnar um árabil og formaður Stjórnunnar í þrjú ár. Anna sat í stjórn Fimleikasambands Íslands og var framkvæmdastjóri sambandsins í um tíu ár. Elsa á að baki langan og farsælan feril í leiðtogastörfum fyrir íþróttahreyfinguna. Þar ber helst að nefna framlag hennar til fimleikaíþróttarinnar en Elsa var í forystu Íþróttafélagsins Gerplu í áratug, á árunum 1983-1993, lengst af sem formaður fimleikadeildar en einnig eitt ár sem formaður félagsins. Hún sat einnig í stjórn Fimleikasambands Íslands í 10 ár.

Þær Anna og Elsa eru sannarlega vel að viðurkenningunni komnar og við hjá Fimleikasambandinu erum stolt af þeim og þeirra framlagi til hreyfingarinnar sem hefur verið okkur öllum til heilla.



Thelma Aðalsteinsdóttir Norður Evrópumeistari á tvíslá

Norður Evrópumót í áhaldafimleikum

Í nóvembermánuði gerði Thelma Aðalsteinsdóttir sér lítið fyrir og landaði titlinum Norður-Evrópumeistari á tvíslá. Er þetta besti einstaklingsárangur í áhaldafimleikum kvenna í tugi ára.

Thelma tryggði sig inn í úrslit með sannfærandi tvísláræfingu á undanúrslitadegi, hún mætti vel stemmd til keppni á úrslitadegi þrátt fyrir öklameiðsl sem höfðu verið að angra hana báða keppnisdagana. Thelma framkvæmdi nýtt og glæsilegt afstökk, tvöfalt heljarstökk með beinum líkama sem skilaði henni 12.266 stig, 0.500 hækkun frá undanúrslitadegi.

„Ég bætti mig frá því í gær og ég er mjög sátt með það, ég er líka mjög ánægð með að hafa keppt með nýtt afstökk og ég held að það hafi landað þessum sigri“ var það sem Thelma hafði að segja eftir að hafa landað sigrinum.

Ný afreksstefna sett á laggirnar

Vinna að endurgerð á nýrri afreksstefnu FSÍ hófst á þingi 2022, þar sem að hún var lögð fyrir nefnd og í framhaldinu áttu sér stað góðar og málefnalegar umræður sem voru síðan nýttar í endurgerð stefnunnar. Í framhaldi af því fór af stað mikil vinna þar sem að margvíslegir hagsmunahópar komu saman að vinnslu stefnunnar, áherslum hennar og markmiðum.

Markmið afreksstefnunnar er að bæta árangur í fimleikum og samhliða stuðla að aukinni útbreiðslu. Þar er styrkari stoðum rennt undir aukinn árangur á forsendum mælanlegra markmiða og kröfu um gagnsæi í vinnubrögðum. Einnig voru lögð fram gildi stefnunnar sem að eru virðing, samvinna og heiðarleiki.

Afreksstefna Fimleikasambandsins nær yfir áhaldafimleika, hóp fimleika og Paralympics, en þess má geta að þetta er fyrsta afreksstefna sérsambands sem inniheldur Paralympics. En þar er markmið FSÍ að vera með Paralympic mót héraðs, koma fimleikum inn á Paralympics og eiga keppenda þar.

Afreksstefna 2024 -2028 var síðan samþykkt á Fimleikapingi, 21. maí 2023, á Reykjum í Hrútafirði sem leiðarljós í vinnu sambandsins á afrekssviði.

VIRÐING - SAMVINNA - HEIÐARLEIKI

***“Fyrsta
afreksstefna
sérsambands sem
inniheldur
Paralympics”***



Undirskrift samninga Úrvalshópar FSÍ

Allir meðlimir í úrvalshópum og landsliðshópum Íslands í áhalda- og hóp fimleikum skrifuðu undir iðkendasamning Fimleikasambands Íslands á árinu.

Samningarnir innihalda m.a. siða- og ferðareglur, sem og upplýsingar um hvað það þýðir að vera hluti af úrvalshóp Fimleikasambandsins.

Fimleikasambandið fékk frábær fyrirtæki til liðs við sig og veittum við öllum meðlimum A landsliða gjafapoka með gjafabréfum, tösku, brúsa, Kristal og fullt af öðrum glaðningum, að auki buðum við þeim í Sjóböðin Hvammsvík þegar að undirskriftum var lokið. Mikil ánægja var meðal iðkenda og þökkum við eftirfarandi fyrirtækjum kærlega fyrir stuðninginn; Sjóböðin Hvammsvík, 66° norður, The Body Shop, Craft (New Wave), GK, Hverslun og Ölgerðinni.

Við hjá Fimleikasambandi Íslands erum stolt af þessu skrefi í átt að enn faglegra afreksstarfi.

Fræðsludagur, þjálfara- og dómaramámskeið

Fræðsludagur Fimleiksambandsins er orðinn fastur liður hjá okkur á haustin. Mikil ánægja var með fyrirlestrana í ár og vonandi eitthvað sem þjálfarar geta nýtt sér í sinni þjálfun. Tæplega 100 þjálfarar mættu í Háskólann í Reykjavík og hlustuðu á þrjá fyrirlestra sem voru:

- *Hásinar og krossbönd, Stefán H. Stefánsson.*
- *Átraskanir í íþróttum, Sandra Friðriksdóttir og Móeiður Pálsdóttir.*
- *Kvíði í fimleikum, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir.*

Eins og undanfarin ár var einnig hægt að hlusta á fyrirlestrana í Canvas bæði á ensku og íslensku en um það bil 250 þjálfarar nýttu sér það.

E-dómaramámskeið kvenna var haldið í upphafi hausthannar og bættust 24 nýjir dómamarar í hópinn.

Þjálfaramámskeið voru haldin í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum í gegnum nýtt fræðslukerfi. Auk þess voru móttökunámskeið, námskeið fyrir starfsfólk leikskólahópa og endurmenntunarnámskeið fyrir íþróttakennara grunnskóla. Flest námskeiðin voru ágætlega sótt og almenn ánægja með kennslu og fyrirkomulag.

Endurmenntunarkerfi var tekið upp sem þýðir að þjálfarar þurfa að skila 12 klukkustundum í endurmenntun á þriggja ára fresti til að viðhalda leyfinu sínu. Fræðsludagur FSÍ er dæmi um endurmenntunarnámskeið.



Myndir frá fræðsludegi sambandsins

Sérfræðingar með námskeið á árinu

Á árinu 2023 fengum við þrjá sérfræðinga til landsins, héldu þeir allir þjálfaranámskeið en að auki þá var þekking þeirra fléttuð inn í afreksstarfið okkar. Námskeiðin voru einnig hluti af endurmenntun þjálfara.

Oliver Bay og Jacob Melin

Á sumarmánuðum fóru fyrstu endurmenntunarnámskeiðin á vegum Fimleikasambandsins fram sem einnig voru fléttuð saman við úrvalshópaæfingar í hóp fimleikum. Kennarar á námskeiðunum voru þeir Oliver Bay sem er menntaður styrktarþjálfari og er landsliðsþjálfari Dana í power tumbling og Jacob Melin, landsliðsþjálfari Svía og trampólín sérfræðingur. Námskeiðin voru ætluð öllum sem hafa áhuga (óháð fimleikagrein og leyfi í leyfiskerfi FSÍ). Námskeiðin voru bæði verkleg og bókleg og samanstóðu af fyrirlestrum og verklegum hlutum. Á námskeiðið mættu 26 þjálfarar úr 7 félögum ásamt landsliðsþjálfurum og yfirþjálfurum landsliða. Þjálfarar komu frá; Fimleikafélagi Akraness, Hetti, Íþróttafélaginu Gerplu, Íþróttafélaginu Gróttu, Íþróttafélagi Reykjavíkur, Ungmannafélaginu Fjölni og Ungmannafélaginu Stjörnunni.

Námskeiðin fengu góðar móttökur, allir lærðu eitthvað og fengu góða upprifjun til þess að taka með sér heim í sitt félag, en markmiðið var að auka þekkingu í félögunum til þess að auka gæði í fimleikum á Íslandi.



Nick Ruddock

Í október var haldið þriggja daga endurmenntunarnámskeið, sem sérfræðingurinn Nick Ruddock stýrði, Nick sérhæfir sig í því að halda slík námskeið um allan heim. Hann var meðal sérfræðinga sem kenndu á þjálfaranámskeiðum Evrópska Fimleikasambandsins á árinu.

Endurmenntunarnámskeiðið var fléttað saman við æfingabúðir hjá úrvalshóp kvenna og unglinga í áhaldafimleikum, þar sem meðlimum úrvalshópa bauðst þátttaka á bæði tæknifyrirlestrum, sem og æfingum í lok hvers dags.

Áherslurnar að þessu sinni voru þrískiptar; líkamlegur undirbúningur, stökk og gólf og tvíslá. Landsliðsþjálfararnir Ferenc Kováts og Þorgeir Ívarsson voru Nick innan handar á námskeiðinu og í æfingabúðunum.

Námskeiðið var vel sótt, en um 35 þjálfarar sem tóku þátt. Námskeiðið og æfingabúðinar gengu vel fyrir sig og mikil ánægja var meðal þátttakenda.



Brian Marshall

Þann 2. nóvember stóð Fimleikasamband Íslands fyrir fræðslufyrirlestri með Brian Marshall „How leadership can help create non-abusive coaching environments.“

Fyrirlesturinn var opin fyrir alla að mæta á og læra meira um þetta mikilvæga málefni, sem spilar stóran part í að búa til öruggt umhverfi í íþróttum.

A group of six people, four athletes and two coaches, are posing outdoors in front of a large tree. The two male athletes in the back row are wearing blue t-shirts and have multiple medals around their necks. The two female athletes in the front row are also wearing blue t-shirts and have medals. The two women on the sides are wearing blue jackets and are likely coaches. They are all smiling and looking at the camera. The background shows a grassy area with other people and structures, suggesting a sports event setting.

„Ég gefst aldrei upp!”

Special Ól 2023

Þann 10.-25. júní fóru Special Olympics fram í Berlín. Þrír iðkendur, þau Elva Björg Gunnarsdóttir, Tómar Örn Rúnarsson og Davíð Þór Torfason kepptu fyrir hönd Íslands í áhaldafimleikum.

Leikarnir stóðu yfir í tvær vikur með allskyns viðburðum sem keppendur tóku þátt í en mótið sjálft var tveir dagar, undankeppni og úrslit. Keppendur stóðu sig frábærlega og unnu til margra verðlauna og voru sjálfum sér og landi til mikils sóma.

Þjálfarar keppenda voru þær Eva Hrund Gunnarsdóttir og Lilja Árnadóttir.

Fimleikahringurinn 2023

Mikil stemmning í Fimleikahringnum!



Fimleikahringurinn lagði af stað í júlí og hélt sýningu á írskum dögum á Akranesi. 25 landsliðsmenn og konur úr bæði hóp fimleikum og áhaldafimleikum tóku þátt í Fimleikahringnum 2023 sem var með aðeins breyttu sniði en áður þar sem lagt var upp í þrjár sýningar tengdar við bæjarhátíðir úti á landi. Hópurinn sýndi einnig á Selfossi og á opunarhátíð Unglingalandsmóts UMFÍ sem fram fór á Sauðárkróki. Börnum og unglingum, af öllum kynjum var boðið á æfingu að sýningu lokinni, undir handleiðslu landsliðsins. Fjölmennt var á öllum sýningunum þremur og þátttaka á æfingunum góð. Verkefnastjórar voru þeir Stefán Ísak Stefánsson og Ingvar Daði Þórisson.

Markmiðið með verkefninu er, eftir sem áður, að kynna íþóttina fyrir Íslendingum hvaðanæva af landinu. Okkur langar í leiðinni að fá fleiri stráka í fimleikahreyfinguna þar sem þeir hafa verið í minnihluta okkar iðkenda, en umfram allt er markmiðið að allir fái að njóta sín á sínum forsendum sama af hvaða kyni þeir eru, því fimleikar eru fyrir alla.





Augnablikið þegar að Gerpla tryggði sér Bikarmeistaratitilinn

Innlend mót

Árið 2023 voru haldin 22 innlend mót á vegum Fimleikasambandsins

Á mótum sambandsins voru 5.398 keppendur skráðir til leiks á árinu.

7% Fjölgun keppenda á milli ára

33% keppenda koma af landsbyggðinni

Vormót var fjölmennasta mót ársins en þar tóku 776 keppendur þátt

Afturelding átti flesta keppendur á einstaka móti, eða 123 keppendur

#fyririsland

#fimleikarfyriralla

#islenskirfimleikar

Fjöldatölur innlend mót 2023

Dags.	Mót		Afturelding	Ármann	Björk	KA	Fjölínir	Fylkir	Gerpla	Grótta	Hamar	Höttur	ÍA	ÍR	Keflavík	Rán	Selfoss	Sindri	Stjarnan	Þór	Mótskaldari:	
28.Jan	Þrepamót 1. - 3. þrep	ÁH	0	8	16	5	5	10	40	8	0	0	0	0	11	0	0	0	24	0	127 Björk	
4.Feb	Þrepamót 2	ÁH	0	16	28	8	18	15	30	0	0	0	0	0	8	0	0	0	21	0	144 Gerpla	
4.Feb	GK mót í hóp fimleikum (4., 5. flokkur og kky) og stökkfimi yngri	HÓP	123	25	7	34	28	0	95	51	14	56	59	9	13	0	57	18	68	31	688 Fjölínir	
11.Feb	Mótaröð 2 í hóp fimleikum	HÓP	14	18	0	0	0	0	56	33	0	12	33	0	7	0	24	0	50	0	247 ÍA	
11.Feb	GK mót í hóp fimleikum (3. flokkur og kke) og stökkfimi eldri	HÓP	20	12	8	0	31	0	29	18	4	7	30	0	11	0	19	0	28	21	238 ÍA	
18.Feb	Bikarmót í áhaldafimleikum	ÁH	0	22	30	6	5	15	60	11	0	0	0	0	9	0	0	0	24	0	182 Ármann	
4.Mar	Bikarmót í hóp fimleikum og stökkfimi eldri	HÓP	35	27	10	37	54	0	76	37	0	7	69	9	19	8	33	0	94	21	536 Gerpla	
25.Mar	Íslandsmót í áhaldafimleikum	ÁH	0	14	24	5	5	11	45	10	0	0	0	0	3	0	0	0	13	0	130 Fjölínir	
1.Apr	Mótaröð 3 í hóp fimleikum	HÓP	17	5	0	0	17	0	34	12	0	11	12	0	0	0	25	0	40	0	173 Stjarnan	
22.Apr	Þrepamót 3	ÁH	0	22	22	13	23	21	28	0	0	0	0	0	16	0	0	0	12	0	157 Björk	
22.Apr	Íslandsleikar Special ÓL	ÁH	0	0	0	0	0	0	17	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	17 Björk	
29.Apr	Íslandsmót í hóp fimleikum og stökkfimi eldri	HÓP	35	28	10	0	42	0	72	49	0	19	60	0	18	8	40	0	93	19	493 Stjarnan	
6.May	GK mót í áhaldafimleikum	ÁH	0	15	9	3	4	4	22	10	0	0	0	0	9	0	0	0	9	0	85 Gerpla	
13.May	Vormót í hóp fimleikum og stökkfimi yngri	HÓP	111	43	14	37	36	0	103	41	17	55	64	9	26	32	62	17	78	31	776 Grótta	
14.Oct	Haustmót í áhaldafimleikum	ÁH	0	14	32	4	12	11	50	10	0	0	0	0	10	0	0	0	20	0	163 Gerpla	
28.Oct	Mótaröð 1 í hóp fimleikum	HÓP	15	3	0	0	0	0	45	14	0	0	14	0	0	0	0	0	9	0	100 Gerpla	
4.Nov	Þrepamót 1	ÁH	0	27	34	10	28	31	17	0	0	0	0	0	8	0	0	0	34	0	189 KA	
18.Nov	Haustmót í hóp fimleikum (4. flokkur, Kky og Kke) og stökkfimi yngri	HÓP	70	38	14	12	14	0	75	44	10	37	48	6	24	21	39	0	69	8	529 Afturelding	
26.Nov	Haustmót í hóp fimleikum (mfl., 1. - 3. flokkur) og stökkfimi eldri	HÓP	19	22	10	30	10	0	48	32	0	32	69	6	19	9	57	0	40	21	424 Selfoss	
Samanlagt per félag:			19	459	359	268	204	332	118	942	380	45	236	458	39	211	78	356	35	726	152	5.398
Hlutfall per félag:			9%	7%	5%	4%	6%	2%	17%	7%	1%	4%	8%	1%	4%	1%	7%	1%	13%	3%		
			3	6	9	12	8	14	1	5	16	10	4	17	11	15	7	18	2	13		
HÓP			10	336	196	66	116	204	0	538	280	31	180	399	30	124	78	299	17	501	121	3.516
Hlutfall per félag:			10%	6%	2%	3%	6%	0%	15%	8%	1%	5%	11%	1%	4%	2%	9%	0%	14%	3%		
			4	8	14	12	7	18	1	6	15	9	3	16	10	13	5	17	2	11		
ÁH			9	0	114	151	41	77	93	239	41	0	0	0	0	55	0	0	0	112	0	923
Hlutfall per félag:			0%	12%	16%	4%	8%	10%	26%	4%	0%	0%	0%	0%	6%	0%	0%	0%	12%	0%		
			10	3	2	8	6	5	1	8	10	10	10	10	10	7	10	10	4	10		
Höfuðborgarsvæðið			3.623	67%																		
Landsbyggðin			1.775	33%																		

Íslandsmót

Íslandsmót í áhaldafimleikum

Valgarð Reinhardsson úr Gerplu vann öruggan sigur á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum og var þetta sjöundi Íslandsmeistaratitill Valgarðs. Thelma Aðalsteinsdóttir úr Gerplu vann í kvennaflokki sinn annan Íslandsmeistaratitil í fjölprauf. Mótið fór fram í Egilshöll í umsjón Fjölnis og var sýnt í beinni útsendingu á RÚV.

Baráttan var mjög hörð í kvennaflokki en Thelma bar sigur úr bítum og hlaut 48.400 stig. Í öðru sæti voru jafnar Hildur Maja Guðmundsdóttir úr Gerplu og Margrét Lea Kristinsdóttir úr Björk með 47.550 stig.

Valgarð fékk 77.065 stig fyrir æfingar sínar en hann hefur sigrað í fjölprauf árin 2015, 2017, 2018, 2019, 2021 (ekkert mót árið 2020 vegna Covid), 2022 og nú í sjöunda sinn 2023. Í öðru sæti var Martin Bjarni Guðmundsson úr Gerplu með 74.565 stig og í þriðja sæti, með 74.231 stig, var Atli Snær Valgeirsson sem kemur einnig úr Gerplu.

Íslandsmeistarar unglunga

Unglingaflokkur karla

- 1.sæti – Lúkas Ari Ragnarsson - Björk
- 2.sæti – Stefán Máni Kárasón - Björk
- 3.sæti – Ari Freyr Kristinsson - Björk

Unglingaflokkur kvenna

1. sæti - Lilja Katrín Gunnarsdóttir - Gerpla
2. sæti - Kristjana Ósk Ólafsdóttir - Gerpla
3. sæti - Raket Sara Pétursdóttir - Gerpla



Íslandsmót í hópfimleikum

Íslandsmót í hópfimleikum var haldið í Ásgarði í umsjón Stjörnunnar og sýndi RÚV frá mótinu í beinni útsendingu.

Í kvennaflokki var það lið Stjörnunnar sem vann með yfirburðum og varði Íslandsmeistaratitilinn. Liðið átti góðan keppnisdag, sigraði á tveimur áhöldum af þremur og fékk 52.750 stig samanlagt. Í öðru sæti var lið Gerplu með 51.000 stig, en þeim tókst að vinna Stjörnuna á trampólíni. Í þriðja sæti var lið Selfoss með 44.850 stig.

Karlalið Stjörnunnar sýndi áhorfendum hvað í þeim býr og urðu þeir Íslandsmeistarar í karlaflokki með 49.250 stig.

Íslandsmeistari í flokki blandaðra liða með 40.275 stig var lið Hattar sem vann titilinn í fyrsta skipti í sögu félagsins.

Íslandsmeistarar unglinga

1. flokkur kvenna

- 1.sæti – Stjarnan
- 2.sæti – Gerpla
- 3.sæti – Gróttu



Bikarmót

Bikarmót í áhaldafimleikum

Sjö kvennalið og fjögur karlalið mættu til keppni á Bikarmót í áhaldafimleikum sem var haldið í Laugarbóli í umsjón fimleikardeildar Ármanns.

Kvennalið Gerplu vann nokkuð sannfærandi sigur og varði bikarmeistaratitilinn frá 2022. Sjö lið voru mætt til leiks frá sex félögum. Gerpla bar sigur úr bótum með 141.350 stig. Í öðru sæti varð lið Bjarkanna með 129.750 stig. Í þriðja sæti hafnaði lið Stjörnunnar með 124.600 stig. Sögulegur árangur hjá liði Stjörnunnar þar sem að þetta var í fyrsta skipti sem að lið Stjörnunnar kemst á pall á Bikarmóti í frjálsum æfingum í áhaldafimleikum kvenna.

Í karlaflokki var það Gerpla sem varði bikarmeistaratitilinn frá því í fyrra með 217.861 stig. Þar að auki hlutu þeir flest stig á öllum áhöldum. Í öðru sæti varð Gerpla A með 203.262 stig. Karlalið Bjarkanna hafnaði í þriðja sæti með 193.959 stig.




Bikarmót í hópfimleikum

Í marsmánuði fór fram Bikarmót í hópfimleikum í Digranesi í umsjón Gerplu. Þar var öllu til tjaldað og allt okkar besta hópfimleikafólk mætt til leiks, áhorfendur, bæði heima í stofu og í salnum urðu vitni frábærum tilprifum og hörku keppni. Mótið endaði með æsispennu og kvennalið Gerplu batt enda á langa sigurgöngu Stjörnunnar þegar það sigraði með 51.300. stig, en liðið var með hæstu einkunn á öllum áhöldum. Í öðru sæti var lið Stjörnunnar með 48.000 og í því þriðja ÍA með 40.500 stig.

Í karlaflokki sigraði lið Stjörnunnar með 46.150 stig.

Mótið var sýnt í beinni útsendingu á RÚV og var það allt hið glæsilegasta.







**Erlend
verkefni**

Erlend verkefni í áhaldafimleikum


Árið 2023 var viðburðaríkt landsliðsár í áhaldafimleikum.

Íslenska landsliðsfólkið stóð sig með eindæmum vel á árinu. Í upphafi árs lá fyrir að stóra verkefni A-landsliðanna var að tryggja sér þátttökurétt á HM í Antwerpen, en leiðin á HM felst í að ná lágmörkum á Evrópumóti. Evrópumótið var einmitt fyrsta landsliðsverkefni ársins, en það fór fram í Antalya í Tyrklandi á vormánuðum. Ísland mætti til Tyrklands með lið í karla og kvennakeppni mótsins, en þar náðu þau Valgarð Reinharsson, Thelma Aðalsteinsdóttir og Margrét Lea Kristinsdóttir settu marki og tryggðu sér farseðilinn á HM í Belgíu. Dagur Kári Ólafsson hélst sér svo í baráttunni um HM sæti með því að vera fyrsti varamaður á mótið, eftir að öll úrslit lágu fyrir.

Okkar fólki gekk vel á HM, Dagur Kári hlaut sæti á mótinu á síðasta degi og ferðaðist út degi á eftir hópnum. Thelma var grátlega nálægt Ólympíu lágmörkum, en hún var einungis 0,8 stigum frá sætinu, þegar hún náði sínum langbesta árangri í fjölþraut hingað til og náði hæstu stigum sem hún hefur náð í keppni. Valgarð átti magnaða byrjun og mótinu og þegar hann var búin með þrjú áhöld af sex, leit út fyrir að hann væri að fara að bæta stigamet sitt í fjölþraut gríðarlega en fall á svifrú gerði út af við drauminn um lágmörk á ÓL.

Á vegferð sinni á HM og til að undirbúa keppendur sem best fyrir Ólympíubaráttu ársins, var ákveðið að senda karlaliðið á heimsbikarmót í Króatíu og kvennaliðið á heimsbikarmót í Ungverjalandi. Á þessum mótum náðu Thelma og Valgarð í úrslit sem var mikilvæg reynsla fyrir þau nokkrum vikum fyrir HM.

Norður Evrópumót fór svo í sögubækurnar þegar að Thelma varð Norður Evrópumeistari á tvíslá. Valgarð vann silfur á tvíslá og Dagur Kári brons, ásamt því að liðin okkar stóðu sig frábærlega í keppni.



Norðurlandamót í hópfirmleikum

Norðurlandamótið í hópfirmleikum fór fram í Reykjavík 11. nóvember 2023. Undirbúnings nefnd mótsins skipuðu þau:

- Edda Dögg Ingibergsdóttir
- Helga Svana Ólafsdóttir
- Magnús Heimir Jónason
- Íris Svavarsdóttir
- Olga Bjarnadóttir
- Ragnar Magnús Þorsteinsson
- Halldóra S. Guðvarðardóttir

Við þökkum öllum þessum aðilum fyrir óeigingjarnt starf og fyrir að gera undirbúning mótsins jafn góðan og raun bar vitni, en undirbúningur mótsins nær allt aftur til vormánaða 2023.

Mótið fór fram í Laugardalshöllinni og ljóst er að rými til áhorfs er ekki nægjanlegt fyrir svo stórt mót, en uppselt var á mótið í vikunni fyrir mót og komust færri að en vildu. Laugardalshöllin var sett í sparibúninginn með skreytingum, ljósum og fleiru. Aðstaða til keppni var eins og best verður ákosið. Upphitun á mótisdag fór fram í einum sal og keppni í öðrum. Þetta gerði flæðið á mótinu gott en slík uppsetning er eins og keppt er á, á Evrópumótum. Pöntuð voru ný áhöld frá Danmörku (PE-Redsakber) og framkvæmdur því sínar æfingar við bestu mögulegu aðstæður. Gríðarleg stemming myndaðist og var hvert sæti í höllinni nýtt.

Keppni hófst í blönduðum flokki. Ísland átti ekki lið þar að þessu sinni, en Karitas Inga Jónsdóttir var þó á meðal keppenda í sænska liðinu GK Motus Salto. Úrslit mótsins voru þau að Svíar hrepptu öll efstu sætin.

1. EG Vikings
2. GK Motus Salto
3. GF Örebro

Í kvennflokki átti Ísland tvö lið, Stjörnuna og Gerplu. Kvennalið Gerplu átti fínt mót en smávægileg mistök settu strik í reikninginn og höfnuðu þær í fimmta sæti með 51,150 stig. Kvennalið Stjörnunnar hóf keppni á trampólíni og mistök í liðsumferð kostuðu stig. Þær stigu þó virkilega vel upp á seinni tveimur áhöldunum og kláruðu vel og enduðu í 6. sæti með 50,80 stig. Úrslit urðu eftirfarandi


1. TeamGym Aarhus
2. GK Motus Salto
3. Brommagymnasterna

Ísland átti hins vegar sinn fulltrúa á verðlaunapallinum en Laufey Ingadóttir keppti með Brommagymnasterna.

Karlalið Stjörnunar átti frábært mót og nánast hnökralausan dag og enduðu glæsilegt mót í sjötta sæti með 54,450 stig. Úrslit urðu eftirfarandi:

1. Gladsaxe
2. Oslo
3. KFUM

Norðurlandamótið var fimleikaveisla sem lengi verður í minnum höfð ekki síst fyrir þær sakir að eftirspurn eftir miðum var langt umfram framboð. Lukkulega sýndi RÚV frá mótinu í beinni útsendingu þannig að fimleikaáhugamenn gátu fylgst með heima úr stofu. Frábærir sjálfboðaliðar, ungir sem aldnir lögðu hönd á plóg til að viðburðurinn tækist jafn vel og raun bar vitni. Sinntu þeir fjölbreyttum verkefnum allt frá sjúkrastörfum upp í veitingasölu og allt þar á milli. Við færum þessum einstaklingum sérstakar þakkar en án sjálfboðaliða er viðburður af þessarri stærðargráðu ekki mögulegur.





**Hrefna Ingibjörg
Hákonardóttir**
Yfirþjálfari hópþímleika



**Björn
Björnsson**
Yfirþjálfari hópþímleika

Yfirþjálfarar landsliða í hópþímleikum

Útdráttur úr skýrslu

Árið 2023 liggur milli tveggja Evrópumótaára. Því var ekki farið til keppni á árinu en tíminn notaður til undirbúnings fyrir komandi Evrópumeistaramót í Baku í október 2024. Ekki var valið í landslið heldur unnið var með úrvalshópum fullorðinna og unglinga auk hæfileikamótunar. Haldnar voru tvær æfingabúðir fyrir úrvalshópa og félagsþjálfara með gestakennurum frá Svíþjóð og Danmörku. Undir lok árs voru landsliðsþjálfarar ráðnir fyrir fjögur lið sem fyrir liggur að send verði til keppni árið 2024. Sökum fjölda karla á afreksstigi var ákveðið að senda ekki karlalið til keppni á þetta mót. Óljóst er hvort hægt verður að senda drengjalið en beðið var með endanlega ákvörðun og þjálfarar hæfileikamótunar ráðnir.



Ferenc Kováts
Landsliðsþjálfari kvenna



Þorgeir Ívarsson
Landsliðsþjálfari unglunga

Þjálfarar landsliða í áhaldafimleikum kvenna

Útdráttur úr skýrslu

A - landslið

Níu konur úr fjórum félögum voru valdar í úrvalshóp kvenna, verkefni ársins voru Evrópumót, Heimsmeistaramót, Heimsbikarmót og Norður Evrópumót. Frá þessum mótum stóð upp úr frábær árangur Thelmu á Heimsbikarmóti þar sem hún komst í úrslit á stökki, vann gull á tvíslá á Norður Evrópumóti og frábær árangur á Heimsmeistaramóti þar sem hún var aðeins 0.8 frá því að vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíuleikana. Liðið á Norður Evrópumóti var einnig grátlega nálægt að komast á pall sem er virkilega vel af sér vikið.

Heilt yfir átti Ísland gott ár á erlendu mótunum þar sem keppendur eru búnir að bæta við sig erfiðleika og þar með eiga þeir meiri möguleika á úrslitum.

Á Íslandi eru ekki margir keppendur á efsta stigi erfiðleika en þeir sem eru þar hafa fengið góð viðbrögð á erlendu mótunum og jákvæða umfjöllun.

Landsliðsþjálfari er ánægður með árangurinn á árinu og hefur sett háleit markmið fyrir komandi ár þar, þar sem áfram verði unnið að því að bæta allt faglegt starf sambandsins.

Unglingalandslið

Níu stúlkur úr fimm félögum voru valdar í úrvalshóp stúlkna. Verkefni ársins voru Norðurlandamót Unglinga, EYOF og Norður Evrópumót með liði fullorðinna. Frá þessum mótum stóð upp úr að Auður Anna Þorbjarnadóttir náði 2 sæti á stökki á Norðurlandamóti Unglinga.

Stúlknaþjálfurinn er frekar ungur og því mikil áheyrsla lögð á að búa til reynslu og jákvæða upplifun á mótum, en að sama skapi, kynna fyrir þeim helstu verkferla þegar kemur að erlendum mótum svo að þegar þær koma í fullorðinsflokk séu þær með skilning á hvernig hlutirnir ganga fyrir sig.

Framtíðin er björt og verður gaman að fylgjast með þessum stúlkum á komandi mótum.

Landsliðsþjálfari karla og unglunga

Útdráttur úr skýrslu landsliðsþjálfara

Mikill uppgangur er búinn að vera í áhaldafimleikum karla, það var tekin sú ákvörðun að fara ekki World Cup leiðina til að vinna sér inn keppnisrétt á HM sem leiddi til þess að það var bara hægt að vinna sér inn keppnisrétt í gegnum EM. Það var sent lið á EM í Tyrklandi ásamt einum sérfræðing á áhaldi sem var ekki partur af liðinu á mótinu. Karlalið Íslands átti falllaust mót og vann sig upp um 9 sæti frá síðasta Evrópumóti, við enduðum í 20 sæti og unnum margar þjóðir sem við höfum ekki unnið áður, einnig unnum við okkur inn keppnisrétt á HM fyrir 2 einstaklinga í fjölþraut, þetta var frábært mót og mjög eftirtekta verður árangur.



Róbert Kristmannsson

Einnig var tekið þátt á tveimur heimsbikarmótum í Króatíu og Ungverjalandi þar sem við sýndum glæsilega fimleika sem skilaði sér í mjög háum einkunum og úrslitum á gólfi, það má með sanni segja að áhaldafimleikar karla eru búnir að taka stórt framfara skref, erfiðleiki æfinga er hærri, gæði æfinga betri og við erum byrjuð að uppskera fyrir vinnu síðustu ára, þetta eru ungir strákar sem eiga nánast allan ferilinn sinn eftir í fullorðinsflokki og þeir hafa trú á sér og ráðast á verkefnin sem ein heild. Við erum hvergi nærri hættir og þyrstir í að ná enn lengra, erum með háleit markmið og við vitum hvað við þurfum að gera til að ná þeim.

Góð stemmning er í úrvalshóp unglunga, margar skemmtilegar æfingar og gaman að fá að taka þátt í þeirra ferli og hjálpa þeim að ná þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér. Það var tekið þátt í 2 verkefnum á árinu og strákarnir stóðu sig með þryði nú þurfum við að ná upp erfiðleika, læra sérkröfur og fá stöðuleika í æfingarnar, ungir drengir sem geta náð langt ef þeir eru tilbúnir að leggja á sig það sem þarf.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Fimleikasambandsins fór fram 21. desember þar sem árangri ársins 2023 var fagnað.

Rúmlega 100 manns, bæði iðkendur, þjálfarar og aðrir fimleikaunnendur áttu saman góða kvöldstund á uppskeruhátíð Fimleikasambandsins. Þar var Fimleikafólk ársins heiðrað ásamt heiðursfélaga og önnur verðlaun veitt.

Lið ársins

Lið ársins 2023 er kvennalandslíð Íslands í áhaldafimleikum sem hafnaði í fjórða sæti á Norður Evrópumótinu í haust. Kvennalandslíðið var hársbreidd frá bronsverðlaunum, fjórar konur af fimm kepptu til úrslita á einstökum áhöldum. Lið Íslands átti keppendur á öllum áhöldum í úrslitum.

Liðið var blanda af reynslumiklum fimleikakonum og ungum og upprennandi stúlkum sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni. Mikil samheldni var í liðinu og var það áberandi hversu þéttur og hvetjandi hópurinn var.

Liðið skipuðu þær Hildur Maja Guðmundsdóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Margrét Lea Kristinsdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir.






Afrek ársins

Afrek ársins er fimleikaárið hennar Agnesar Suto.

Agnes keppti á öllum mótum FSÍ á efsta stigi bæði í áhaldafimleikum og hópfimleikum og er ríkjandi Bikarmeistari í báðum greinum með félaginu sínu, Íþróttafélaginu Gerplu. Hún keppti með landsliði Íslands í áhaldafimleikum á EM og á NM í hópfimleikum með Gerplu en slík elja sem hún hefur sýnt á árinu er eftirtektarverð, ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að hún er elsti keppandi Íslands á efsta stigi í kvennaflokki eða 31 árs.





Fimleikakona ársins

Thelma Aðalsteinsdóttir



Fimleikakarl ársins

Valgarð Reinhardsson

Heiðursfélagi

Kristján Erlendsson er okkur flestum vel kunnur en hann hefur verið virkur sjálfbóðaliði í fimleikahreyfingunni í áratugi. Kristján tók við sem formaður FSÍ og gegndi því embætti í 4 ár, frá 2006 – 2010. Á þeim tíma leggur hann grunninn að framtíðarsýn sambandsins, hann ræður framkvæmdastjóra í fullt starf en ekki leið á löngu þar til hálfu stöðugildi var bætt við skrifstofuna. Eftir að Kristján lét af störfum hefur sambandið endurtekið leitað til hans, enda er hann með endæmum bóngóður og alltaf tilbúin til að hjálpa og vinnur sína vinnu undantekningalaust þannig að fagmennskan skýn í gegn. Á Evrópumótinu í hóp fimleikum 2014 vann hann svo öfluga vinnu, að skipulag hans hefur orðið viðmið á evrópskum fimleikaviðburðum síðan.

Okkur þykir vænt um allt sem Kristján hefur gert fyrir fimleikahreyfinguna og hlökkum til framtíðarinnar með honum.

Silfurmerki ÍSÍ

Guðmundur Þór Brynjólfsson

Guðmundur Brynjólfsson, fyrrum landsliðsþjálfari FSÍ, var sæmdur Silfurmerki ÍSÍ á Uppskeruhátíð Fimleikasambands Íslands. Guðmundur hefur verið í lykilhlutverki í fimleikahreyfingunni undanfarin 35 ár. Hann var iðkandi sjálfur, síðar þjálfari, dómari, fagnefndarmaður bæði í tækni- og fræðslunefnd FSÍ og undanfarin ár hefur hann unnið að útbreiðslu fimleika á Íslandi með frábærum sjónvarpslýsingum á stórmótum, sem sýndar hafa verið á RÚV.



Leiðtogi ársins

Stefán Ísak Stefánsson

Það sem gerir Stefán einstakan er ekki aðeins hans frammistaða í íþróttinni, heldur einnig hans hæfileikar til að leiða og hvetja aðra áfram. Sem fyrirliði í karlalandsliði Íslands hefur hann sýnt fram á framúrskarandi samskiptahæfni og drifkraft - en hans leiðtogahæfileikar eru ekki einungis takmarkaðir við liðsfélaga hans, heldur hefur hann einnig verið leiðandi ljós fyrir yngri iðkendur hreyfingarinnar.



Þjálfari ársins

Daði Snær Pálsson

Daði Snær býr yfir heilmörgum kostum sem gera hann að frábærum þjálfara, yfirburðar manneskju og góðum vin. Allt sem hann tekur sér fyrir hendur gerir hann vel og þá er sérstaklega hægt að horfa til hversu vel hann hefur hugsað um alla þá iðkendur sem hann hefur þjálfað í gegnum árin. Helstu kostir Daða sem þjálfara eru mikil auðmýkt, samkennd, gleði og metnaður. Daði hefur einstakan hæfileika - á að sjá það besta í öllum aðstæðum og öllum einstaklingum - og hefur það skinið í gegn í hans starfi.



Fjölmiðlaverðlaun

Íþróttadeild RÚV

Undanfarin ár höfum við átt í góðu og faglegu samstarfi við RÚV. Sjónvarpsáhorfendur eru mikilvægur hópur því að með útsendingum út í stofu er hægt að ná til hóps sem annars er ekki mættur í stúkuna. Í ár var það mikilvægara en oft áður, þar sem uppselt var á NM og mikil eftirspurn eftir miðum og margir spenndir aðdáendur bæði hérlandis og erlendis sem biðu spenntir eftir mótinu. RÚV, með Maríu í fararbroddi sýndi alla hluta mótsins og stýrði hún frábærri útsendingu sem hefur hlotið mikið lof áhorfenda



Starfsmerki

Viktor Kristmannsson

Viktor er einn sigursælasti áhaldafimleikamaður Íslandssögunnar. Viktor er uppalinn í Gerplu og hefur stundað æfingar þar alla sína tíð og síðar þjálfað yngri iðkendur við góðan orðstýr. Viktor byrjaði ungur að keppa fyrir Íslands hönd með frábærum árangri og var grátlega nálægt því að vinna sér inn þátttökurétt á Ólympíuleika. Viktor er margfaldur Íslandsmeistari og hefur einnig unnið til margra verðlauna á erlendum mótum. Viktor hefur sinnt þjálfun undanfarinn áratug og gengið vel enda fullur af fróðleik, þekkingu og reynslu í fimleikum.





Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir

Hrefna Þorbjörg er okkur flestum vel kunn, hún hefur átt langan og farsælan feril innan fimleikahreyfingarinnar. Hrefna hefur sinnt mörgum hlutverkum, hún var í Evrópumeistaraliðinu 2010 og 2012 en frá árinu 2014 hefur hún tekið að sér landsliðsþjálfun og yfirþjálfarahlutverk sem hún hefur sinnt með sóma og lagt þannig grunn að faglegra starfi innan hreyfingarinnar.

Ólöf Línberg Kristjánsdóttir

Ólöf Línberg byrjaði að þjálfra hjá fimleikadeild Gróttu árið 2013 og varð framkvæmdastjóri deildarinnar árið 2015, starf sem hún gengdi með stuttum hléum fram á haustið 2023. Sem framkvæmdastjóri stýrði Ólöf deildinni af mikilli röggsemi, sýndi fyrirhyggju í rekstrinum og hafði lag á að leysa þau vandamál sem upp komu. Hún sinnti jafnframt þjálfun samhliða rekstri skrifstofunnar.





Anna Sóley Jensdóttir

Anna Sóley stundaði fimleika hjá Gróttu frá unga aldri og hóf að þjálfra 14 ára gömul. Hún hefur komið að þjálfum allt frá yngstu iðkendum upp í 3. þrep fimleikastigans. Síðustu ár hefur hún verið yfirþjálfari grunnhópa hjá Gróttu ásamt því að sinna þjálfun. Anna Sóley býr yfir einstökum skipulagshæfileikum sem nýtast henni vel bæði í þjálfun og verkefnum sínum sem yfirþjálfari.

Anna Valdís Einarsdóttir

Anna Valdís byrjaði að æfa fimleika hjá Aftureldingu árið 2002, og hefur störf sem aðstoðarþjálfari 14 ára gömul. Metnaður hennar, drifkraftur og áhugi á vexti og eflingu fimleikardeildarinnar er mikill og hefur fimleikadeildin notið góðs af því, sem og reynslu hennar sem iðkanda. Það hefur verið gaman að fylgja henni eftir, sjá hana blómstra og vaxa í meiri ábyrgð og verkefnum eftir því sem fram líða stundir og aldrei veigrar hún sér við því að takast á við ný og krefjandi verkefni



Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna

Störf tækninefndar á tímabilinu hafa að mestu snúið að verkefnum tengdum mótahaldi innanlands auk þess að sinna uppfærslum og utanumhaldi á íslenska fimleikastiganum og menntun dómara á Íslandi. Nefndin lauk störfum í maí 2023. Seinni hluta ársins var ekki starfandi tækninefnd.



Auður
Ólafsdóttir



Hildur
Ketilsdóttir



Ragna Þyrí
Ragnarsdóttir



Sandra
Matthíasdóttir



Þorbjörg
Gísladóttir

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla

Á árinu fengum við þau tíðindi að Björn Magnús Tómasson hafi verið valinn af Alþjóðafimleikasambandinu til að dæma á Ólympíuleikunum í París 2024. Það tókst eftir að Björn stóð sig frábærlega á Heimsmeistaramótunum í Liverpool 2022 og í Antwerpen 2023 en þau mót voru ásamt nokkrum Heimsbikarmótum og Heimsmeistaramótum unglunga notuð sem úrtökumót fyrir dómara inn á Ólympíuleikana, því dómararnir eru dæmdir fyrir sín störf á stórmótum.

Þetta verða fimmtu Ólympíuleikarnir sem Björn dæmir, afrek sem ekki margir geta státað sig af.

Störf tækninefndarinnar á tímabilinu hafa að mestu snúið að verkefnum tengdum mótahaldi innanlands auk þess að sinna menntun dómara á Íslandi. Haldið var innlent E dómaranámskeið á árinu, Sigurður Hrafn Pétursson kenndi upp úr Code of Points, glærum frá alþjóðlega dómarnámskeiðinu og úr Íslenska fimleikastiganum. Þátttakendur fengu kynningu á reglunum og útskýringar á smáatriðum á hverju áhaldi. Í lok hvers áhalds voru nokkrar æfingar dæmdar og farið yfir hverja æfingu saman til að öðlast sameiginlegan skilning. Góð þátttaka var á námskeiðinu og þaðan útskrifuðust 16 E dómarar.



Sigurður Hrafn
Pétursson



Daði Snær
Pálsson



Eva Hrund
Gunnarsdóttir



Hróbjartur Pálmar
Hilmarsson

Tækninefnd í hópfimleikum

Árið var annasamt hjá Tækninefnd í hópfimleikum eins og fyrri ár. Áfram voru gerðar aðlaganir og breytingar á móta reglum út frá reynslu af mótum. Mikið af góðum ábendingum komu frá þjálfurum og dómurum og ljóst er að þeirri vinnu er ekki lokið. Tækninefnd stefnir því að vinna að uppfærslu fyrir komandi tímabil. Nokkuð var um undanþágu beiðnir en þeim fer fækkandi á milli ára. Álga við úttekt á þreföldum heljarstökkum fer vaxandi. Sett var fram tillaga að mótaskrá til tveggja ára svo þjálfarar gætu skipulagt undirbúningstímabilið vel og með tilliti til mótadagskrár.

Mönnun dómara á mót var áfram krefjandi og vinnan við að fullmanna mótin lendir á THF þar sem félögunum tekst ekki að manna sinn hluta. Ljóst er að þörf er á dómaranámskeiði þar sem mikilvægt er að minni félög sem eiga ekki dómara í sínum röðum og félög sem eiga ekki nógu marga dómara skrái sig til leiks. Einnig er mikilvægt að efla unga dómara og byggja upp traust og trú svo áhuginn fyrir dómgæslu verði meiri. Mótin verða sífellt stærri og fleiri helgar undir vegna vaxandi hóps sem sækir mót á vegum FSÍ. Stökkfimin hefur notið aukinna vinsælda og tekur meira pláss í skipulaginu en áður. THF telur að mögulega þurfi að fara að horfa til þess að aðskilja stökkfimimótin frá hópfimleikamótum haldi mótin áfram að stækka.

Endurmenntun á vegum FSÍ sem haldin var í fyrsta sinn á tímabilinu var vel sótt og mikil ánægja með námskeiðin.



*Una Brá
Jónsdóttir*



*Ragnar Magnús
Þorsteinsson*



*Erika Dorielle
Sigurðardóttir*



*Þórdís Þöll
Þráinsdóttir*



*Halla
Steingrímsdóttir*

Aga- og siðanefnd

Nefndin hefur leiðbeinandi- og ráðgefandi hlutverk í málum sem snerta aga- og siðareglur Fimleikasambandsins. Nefndin vinnur fyrir iðkendur og er ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti eða ofbeldi af einhverju tagi í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð FSÍ. Nefndin hefur það hlutverk að stuðla að og efla forvarnir með leiðbeiningum og fræðslu, m.a. til aðildarfélaga FSÍ, til þess að koma í veg fyrir að brot á aga- og siðareglum viðgangist innan aðildarfélaga og að til staðar sé viðbragðsáætlun komi slík mál upp.



*Lína
Ágústsdóttir*



*Una
Emilsdóttir*



*Hildur
Skúladóttir*

Laga- og reglunefnd

Laganefnd FSÍ er kjörin til tveggja ára í senn og á árinu 2023 voru Hjalti Geir Erlendsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Magnús Heimir Jónasson kjörin í nefndina. Hjalti Geir gegndi stöðu formanns nefndarinnar þetta tímabilið. Nefndin hefur tekið til skoðunar einstök mál sem stjórn FSÍ og framkvæmdastjóri hafa beint til hennar, svo sem yfirferð á reglugerðum og yfirferð reglna og laga í undirbúningi fyrir þing FSÍ.



*Magnús Heimir
Jónasson*



*Hjalti Geir
Erlendsson*



*Guðrún Björk
Bjarnadóttir*

Heilbrigðisnefnd og fagteymi

Frá því heilbrigðisnefnd var stofnuð hafa verkefni hennar verið margvísleg. Nefndin hefur komið að mótahaldi, ýmist leiðbeint og eða aðstoðað við sjúkragæslu á mótum og unnið viðbragðsáætlun við slysum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hafa aðilar innan heilbrigðisnefndar stutt við afreksstarf sambandsins með fyrirlestrum og fræðslu sem og að fylgja landsliðum í erlend verkefni.



*Guðjón Einar
Guðmundsson*



*Hafrún
Kristjánsdóttir*



*Andri Wilberg
Orrason*



*Þórdís
Ólafsdóttir*



*Kristín
Gísladóttir*



*Ásdís
Guðmundsdóttir*



*Sandra Dögg
Árnadóttir*

<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>SIGURBJÖRG FJÖLNIÐDÓTTIR</div> <div>Kennitala: 081275-4919 2024-05-14 12:18:46 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>	<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>DÝRI KRISTJÁNSSON</div> <div>Kennitala: 100280-6209 2024-05-14 12:23:08 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>	<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>MARTA KRISTÍN SIGURJÓNSDÓTTIR</div> <div>Kennitala: 120870-2979 2024-05-14 12:49:03 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>	<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>AXEL ÞÓR EYSTEINSSON</div> <div>Kennitala: 151279-4149 2024-05-14 14:59:15 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>
<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>HALLDÓRA SIGRÍÐUR GUDVARDARDÓTTIR</div> <div>Kennitala: 060880-3959 2024-05-14 15:16:32 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>	<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>JOCHUM ULRÍKSSON</div> <div>Kennitala: 240653-6059 2024-05-14 16:20:53 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>	<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>MAGNÚS HEIMIR JÓNASSON</div> <div>Kennitala: 120990-2769 2024-05-14 18:36:40 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>	<div>Fullgild rafræn undirskrift</div> <div>ÞÓR ÓLAFSSON</div> <div>Kennitala: 060160-4069 2024-05-15 09:59:56 GMT Ástæða: Undirskrift</div> <div>Powered by Dokobit</div>

Fimleikasamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2023

Fimleikasamband Íslands

Kt. 540169-2849

Engjavegi 6

Reykjavík 104

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðu ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Hagnaður ársins nam 7.310.729 kr. Heildareignir 31. desember 2023 námu 82.388.311 kr. og eigið fé á sama tíma var 75.964.621 kr.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður verði færður til hækkunar á eigin fé félagsins

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri Fimleikasamband Íslands, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 14. maí 2024

Stjórn og framkvæmdastjóri

Sigurbjörg Fjölvisdóttir

Formaður

Sólveig Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Magnús H. Jónasson

Varaformaður

Þór Ólafsson

Gjaldkeri

Halldóra Guðvarðardóttir

Ritari

Axel Þór Eysteinnsson

Meðstjórnandi

Marta Sigurjónsdóttir

Meðstjórnandi

Dýri Kristjánsson

Meðstjórnandi

Áritun óháðs skoðunarmanns

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum unnið meðfylgjandi samstæðu ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Álit

Það er álit okkar að samstæðu ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu 2023, efnahag sambandsins 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 8. maí 2024

3 Skref, Bókhaldsþjónusta

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.


Við höfum yfirfarið samtæðu ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Álit

Það er álit okkar að áreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtæðunar á árinu 2023, efnahag félagsins 31. Desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023. Við teljum því ekki ástæða til athugasemda.

Reykjavík 14. maí

Jochum Ulriksson



Hafsteinn Þórðarson

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Rekstrartekjur:				
Styrkir og framlög	1	96.631.977	81.185.550	131.353.553
Innlend mót og sýningar	2	48.753.276	44.910.500	35.438.100
Alþjóðleg mót og sýningar	3	46.309.321	23.142.000	147.221.899
Námskeið og fræðsluefni	4	12.712.951	12.200.000	11.576.500
Leyfiskerfi	5	24.432.100	23.234.500	24.207.850
Aðrar tekjur	6	4.127.489	678.038	3.908.172
Fimleika Events		63.190.608	33.420.911	5.942.305
Rekstrartekjur samtals		296.157.722	218.771.499	359.648.379
Rekstrargjöld				
Rekstrargjöld	7	95.827.175	85.219.567	89.184.581
Innlend mót og sýningar	8	38.761.143	35.339.307	27.540.451
Alþjóðleg mót og sýningar	9	90.198.864	53.075.770	212.619.491
Námskeið og fræðsluefni	10	11.452.406	9.371.950	8.605.203
Önnur gjöld		0	0	3.343.328
Afskriftir		0	0	715.000
Fimleika Events		55.477.797	27.093.080	4.059.405
Rekstrargjöld samtals		291.717.385	210.099.673	346.067.459
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4.440.337	8.671.825	13.580.920
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		2.438.328	157.500	658.003
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(908.346)	(52.500)	(140.432)
Gengismunur		1.340.410	1.207.500	(571.341)
Hreinar fjármunatekjur		2.870.392	1.312.500	(53.770)
Tekjuskattur		0	0	0
Hagnaður (tap) ársins		7.310.729	9.984.325	13.527.150

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Skrifstofuáhöld og tæki		0	0
Veltufjármunir			
Birgðir	3.166.839	0	
Viðskiptakröfur	7.623.562	38.581.332	
Aðildarfélög	8.008.899	7.626.711	
Aðrar skammtímakröfur	0	0	
Minningasjóður Áslaugar	496.186	466.449	
Greiðslukort	0	0	
Afrekssjóður	2.102.621	1.968.454	
Handbært fé	60.990.204	30.260.506	
Veltufjármunir samtals		82.388.311	78.903.452
Eignir samtals		82.388.311	78.903.452
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé	500.000	500.000	
Óráðstafað eigið fé	75.464.621	68.153.892	
Eigið fé samtals		75.964.621	68.653.892
Langtímaskuldir samtals		0	0
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	640.476	5.877.910	
Ógreiddur kostnaður	0	0	
Ógr. launatengd gjöld	2.982.957	3.744.899	
Greiðslukort	1.462.919	626.751	
Ógreidd opinber gjöld	0	0	
Ógreiddur virðisaukaskattur	1.337.338	0	
Skammtímaskuldir samtals		6.423.690	10.249.560
Skuldir alls		6.423.690	10.249.560
Eigið fé og skuldir samtals		82.388.311	78.903.452

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		7.310.729	13.527.150
Rekstrarliði sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir		0	715.000
Veltufé frá rekstri		7.310.729	14.242.150
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun		27.244.839	(26.483.019)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(3.825.870)	(90.888)
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		23.418.969	(26.573.907)
Handbært fé frá rekstri		30.729.698	(12.331.757)
Aðrar hreyfingar:			
Leiðrétting viðskiptamanna		0	(715.000)
Aðrar hreyfingar samtals		0	(715.000)
Breyting handbærs fjár á árinu		30.729.698	(13.046.757)
Handbært fé í ársbyrjun		30.260.506	43.307.263
Handbært fé í árslok		60.990.204	30.260.506

Skýringar

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

2. Rekstrartekjur sem að mestu leyti eru vegna framlaga, styrkja, móta og leyfiskerfis, eru færðar í rekstrarreikning þegar unnið er til þeirra. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfurettur seljanda hefur myndast. Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

4. Eignir og skuldir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi. Eignir eru færðar á kaupgengi Seðlabanka Íslands en skuldir á sölugengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

7. Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða teljast til handbærs fjár.

Aðrar skýringar

Skipting launakostnaðar

8. Skipting launa starfsmanna Fimleikasambands Íslands er skipt upp í fjögur svið sem eru, stjórnunarsvið, mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið.

Sundurliðanir

1. Styrkir og framlög

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Ríkisstyrkur ÍSÍ	3.330.000	3.400.000	3.420.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	5.983.144	3.000.000	5.652.290
Afrekssjóður ÍSÍ	54.700.000	50.000.000	64.724.775
Lottó	27.160.048	24.615.550	22.921.573
Ólympíusamhjálp, YOG/OG ofl.	1.476.972	0	1.688.539
Samstarfsaðilar	3.120.813	0	4.643.730
Fimleikasjóður	111.000	170.000	139.000
Aðrar tekjur	750.000	0	28.163.646
Styrkir og framlög samtals	96.631.977	81.185.550	131.353.553

2. Innlend mót og sýningar

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
FSÍ Mót	16.802.000	26.702.500	24.213.100
Dómaragjöld	10.463.390	0	0
Framlag aðildarfélaga	21.371.000	18.088.000	11.165.000
Aðrar tekjur	116.886	120.000	60.000
Innlend mót og sýningar samtals	48.753.276	44.910.500	35.438.100

3. Alþjóðleg mót og sýningar

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Áhaldafimleikar	7.996.851	8.082.000	5.011.236
Hópfimleikar	4.019.470	500.000	16.408.142
Fimleikar fyrir alla	0	0	31.742.440
Framlag aðildarfélaga	34.293.000	14.560.000	91.805.000
Aðrar tekjur	0	0	2.255.081
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	46.309.321	23.142.000	147.221.899

4. Námskeið og fræðsluefni

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Þjálfaranámskeið	5.388.000	8.000.000	1.920.000
Dómanámskeið	650.000	0	5.915.500
Önnur námskeið	290.951	525.000	696.000
Framlag aðildarfélaga	6.384.000	3.675.000	3.045.000
Námskeið og fræðsluefni samtals	12.712.951	12.200.000	11.576.500

Sundurliðanir

5. Leyfiskerfi

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Kopar leyfi	9.454.400	8.080.000	9.603.200
Brons leyfi	3.393.000	2.808.000	3.343.000
Silfur leyfi	8.829.700	9.849.000	8.178.250
Gull leyfi	1.925.250	1.785.000	1.744.400
Þjálfaraleyfi	829.750	712.500	1.339.000
Leyfiskerfi samtals	24.432.100	23.234.500	24.207.850

6. Aðrar tekjur

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Félagaskipti	102.500	77.175	110.000
Aðrar tekjur	3.465.800	600.863	3.556.581
Aðrar tekjur erlendar	559.189	0	241.591
Aðrar tekjur samtals	4.127.489	678.038	3.908.172

7. Rekstrargjöld

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Laun og launatengd gjöld	83.723.968	75.707.878	79.921.283
Hugbúnaðarkostnaður	2.031.596	1.649.439	1.670.996
Markaðsstarf	18.900	0	5.000
Prentun og ritföng	25.162	105.000	45.700
Símakostnaður	523.285	325.500	576.092
Internetkostnaður	522.273	483.000	565.543
Bókhaldskostnaður/ráðgjöf	1.523.795	1.500.000	196.850
Menntun starfsfólks	49.274	210.000	60.903
Gjafir	721.404	449.000	669.244
Uppskeruhátið	937.215	415.000	698.302
Þing	991.296	330.750	303.476
Fundarkostnaður	539.599	501.000	288.049
Tölvur og tæki	659.016	500.000	1.076.833
Húsaleiga	3.069.380	2.520.000	2.745.216
Tryggingar	184.929	273.000	20.226
Annar kostnaður	306.083	250.000	340.868
Rekstrargjöld samtals	95.827.175	85.219.567	89.184.581
Laun og launatengd gjöld FSÍ	83.723.968	75.707.878	79.921.283
Laun - önnur svið en stjórnunarsvið	(52.664.647)	(53.276.087)	(51.449.326)
Laun stjórnunarsviðs samtals	31.059.321	22.431.791	28.471.957

Sundurliðanir

8. Innlend mót og sýningar

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Dómarakostnaður	10.046.900	10.316.250	9.952.691
Hlutur félaga í mótagjöldum	3.929.039	3.363.687	2.909.337
Afsláttur mótshaldara af mótagj.	1.067.950	1.001.000	788.650
Verðlaun	1.524.822	1.920.370	1.618.080
Annar mótakostnaður	258.286	50.000	441.804
Húsaleiga	21.371.000	18.088.000	11.165.000
Tölvukostnaður	534.952	550.000	664.889
Ritföng/prentun	0	50.000	0
Flutningskostnaður	28.194	0	0
Innlend mót og sýningar samtals	38.761.143	35.339.307	27.540.451
Skipting launa vegna mótahalds	9.149.124	10.315.621	10.822.674
Innlend mót og sýningar - skipting	47.910.267	45.654.928	38.363.125

9. Alþjóðleg mót og sýningar

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Þátttökugjöld	2.714.935	699.170	13.749.268
Flug	10.794.400	7.557.000	24.977.274
Hótel	13.842.389	10.126.800	37.408.530
Búningakostnaður	1.372.839	1.500.000	4.941.903
Sjúkrakostnaður	65.950	60.000	16.520
Ferðakostnaður	1.762.248	1.742.500	4.263.129
Matur	3.725.440	4.314.000	5.212.379
Tryggingakostnaður	431.802	976.000	742.368
Laun landsliðspjálfa	4.416.000	3.305.000	14.105.000
Hæfileikamótun	2.102.007	3.250.000	3.512.947
Fagteymi	9.910.628	3.745.300	9.139.733
Styrkir	4.576.972	1.000.000	2.538.006
Aðstaða	34.314.080	14.560.000	91.823.600
Annar kostnaður	169.174	240.000	188.834
Alþjóðleg mót og sýningar samtals	90.198.864	53.075.770	212.619.491
Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga	31.164.205	26.322.568	26.149.245
Laun vegna fagteymis	1.372.369	3.290.321	2.905.472
Alþjóðleg mót og sýningar - skipting	122.735.438	82.688.659	241.674.208

Sundurliðanir

10. Námskeið og fræðsluefni

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Húsaleiga	6.405.080	3.675.000	3.045.000
Matur	119.702	119.700	286.253
Tækjaleiga/hugbúnaður	879.000	900.000	1.035.000
Ferðakostnaður	473.249	204.750	97.725
Prentun	4.887	0	0
Kennsla	2.880.088	4.472.500	3.344.000
Námsefnisgerð	660.000	0	747.285
Annar kostnaður	30.400	0	49.940
Námskeið og fræðsluefni samtals	11.452.406	9.371.950	8.605.203
Laun vegna fræðslusviðs	10.978.949	13.347.577	11.571.936
Námskeið og fræðsluefni - skipting	22.431.355	22.719.527	20.177.139

11. Launagreiðslur

	Raun 2023	Áætlun 2023	Raun 2022
Fært á stjórnunarsvið	31.059.321	22.431.791	28.471.957
Fært á mótasvið	9.149.124	10.315.621	10.822.674
Fært á afrekssvið	32.536.574	29.612.889	29.054.717
Fært á fræðslusvið	10.978.949	13.347.577	11.571.936
Heildarlaunagreiðslur	83.723.968	75.707.878	79.921.284

Takk fyrir!

Afturelding

Ármann

Björk

Fimak

Fjölnir

Fylkir

Gerpla

Gróttta

ÍA

Rán

Stjarnan

Þór

Fimleiksambandið þakkar þeim félögum sem lánuðu hús fyrir úrvalshópa, landsliðin okkar, mót og námskeið. Án ykkar væri erfitt að halda úti þessu flotta starfi fyrir fimleikafólkið okkar og þjálfara. Góð samvinna við félögin er lykillinn að góðum árangri.

